



Reglur Fagdeildar sjúkraflutningamanna

(innan LSS)

I. Kafli:

Heiti deildar og tilgangur.

1. grein.

Heiti deildarinnar er Fagdeild sjúkraflutningamanna skammstafað LSS ? FS

2. grein.

Deildin er fagdeild og tilgangur hennar einkum eftirfarandi:

1. Að sameina í eina fagdeild alla sjúkraflutningamenn innan LSS sem hafa fengið löggildingu á starfsheitinu sjúkraflutningamaður útgefnu af heilbrigðismálaráðherra samkvæmt reglugerð nr. 115 frá 1986 um menntun, réttindi og skyldur sjúkraflutningamanna.
2. Að vera stjórn LSS til ráðgjafar um alla þá þætti er varða málefni sjúkraflutninga.
3. Að vera stjórn LSS til ráðgjafar um málefni sjúkraflutningamanna önnur en kjaramál.
4. Að tilnefna fulltrúa í stjórn LSS og einn til vara.
5. Að tilnefna fulltrúa á þing LSS og í þær nefndir og ráð sem fjalla um sjúkraflutninga samkvæmt lögum LSS.
6. Að efla fræðslu og kynningu um fagleg málefni og önnur þau atriði er varðað geta hagsmuni sjúkraflutningamanna, ásamt því að vinna að aukinni starfsmenntun og starfsþjálfun þeirra.
7. Að stuðla að aukinni þekkingu almennings á skyndihjálpi.
8. Að standa að bættu skipulagi sjúkraflutninga, hvort heldur er í lofti, á láði eða legi.

II. Kafli: Aðild að fagdeildinni.

3. grein.

Rétt til aðildar að fagdeildinni hafa félagsmenn LSS sem eru sjúkraflutningamenn og eru félagar í LSS. Einnig þeir sem kjörnir hafa verið til að gegna félagsstörfum í þágu sjúkraflutningamanna og uppfylla skilyrði LSS um inngöngu í félagið.

4. grein.

Um úrsögn úr deildinni gildir sama og um úrsögn úr LSS.

III. Kafli: Réttindi og skyldur félagsmanna.

5. grein.

Öllum félagsmönnum ber að hlýta reglum deildarinnar, fundarsköpum og fundarsamþykktum, svo og ákvörðun stjórnar ef þær brjóta ekki í bága við lög LSS, reglur þessar eða ákvarðanir félagsfunda.



6. grein.

Félagsmanni ber að jafnaði að taka við því trúnaðarstarfi fyrir deildina sem hann kann að vera kosinn eða skipaður til að gegna. Sá félagsmaður sem gegnt hefur trúnaðarstörfum fyrir deildina í fjögur ár eða lengur samfleytt, getur skorast undan endurkjöri í jafn langan tíma,

IV. Kafli: Stjórn deildarinnar.

7. grein.

Stjórn deildarinnar skal skipuð sjö einstaklingum þar af skulu a.m.k tveir vera fulltrúar hlutaastarfandi sjúkraflutningamanna, sem kosnir eru á aðalþingi LSS samkvæmt eftirfarandi reglum:

Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega til tveggja ára í senn, aðrir stjórnarmenn skulu einnig kosnir til tveggja ára. Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skal hún skipta með sér verkum, skipa ritara, gjaldkera og meðstjórnendur úr sínum hópi.

8. grein.

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Skal formaður boða til stjórnarfundar með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara. Ef tveir stjórnarmenn krefjast þess að taka fyrir eitthvert tiltekið mál skal formaður verða við þeirri beiðni innan þriggja sólarhringa. Fundir stjórnar eru ályktunarbærir þegar tveir stjórnarmenn eða fleiri sækja fundinn. Stjórn fagdeildarinnar skal tilnefna einstaklinga til kjörs til stjórnar LSS svo og í nefndir og ráð er fjalla um fagleg málefni sjúkraflutninga/ sjúkraflutningamanna eins og lög LSS segja til um.

9. grein

Halda skal gerðabók yfir það sem fjallað er um á fundum stjórnar. Skulu bókanir vera skýrar og skal sérstaklega bóka allar samþykktir stjórnarinnar.

10. grein.

Reikningar fagdeildar skulu lagðir fram á ársfundi deildarinnar. Reikningarnir skulu síðan staðfestir á þingi LSS.

V. kafli: Aðal- og félagsfundir.

11. grein

Ársfundur fagdeildarinnar er opinn öllum félögum og skal haldinn annað hvert ár í tengslum við aðalþing LSS. Boðað er til ársfundar með sama fyrirvara og til aðalþings LSS. Fundarboð skal berast félagsmönnum með boðun aðalþings LSS. Fundurinn er löglegur ef löglega er til hans boðað. Að öðru leyti fara fundir fram samkvæmt lögum LSS.

12. grein

Ársfundur Fagdeildar sjúkraflutningamanna fer fram það ár sem aðalþing LSS er haldið og er hluti af reglubundnu þinghaldi.



Dagskrá ársfundar er:

1. Stjórn fagdeildar gefur skýrslu um starfsemi deildarinnar sl. tvö ár og er skýrslan hluti skýrslu stjórnar LSS.
2. Lagðir fram reikningar deildarinnar.
3. Kjör stjórnar Fagdeildar fer fram á aðalþingi LSS. Kjörið er á verksviði uppstillingarnefndar LSS.
4. Kjör fulltrúa deildarinnar í stjórn LSS fer um með sama hætti og í lið 3.
5. Teknar ákvarðanir varðandi breytingar á reglum deildarinnar ef fram koma.
6. Önnur mál.

Um breytingar á reglum Fagdeildar sjúkraflutningamanna gildir það sama og um lagabreytingar væri að ræða.

Samþykkt á 16. þingi LSS, 16. apríl 2016.